

Ed.

257. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð sammála um þær breytingar, sem eru á þskj. 249. Þær tillögur, sem þar eru bornar fram, eru að miklu leyti leiðrétting vegna þeirra breytinga, sem orðnar eru á kaupgjaldi síðan 1957, en að nokkru leyti er þar um nýmæli að ræða, sem veitt eru verðlaun fyrir að vinna grendýr og yrðlinga.

Hins vegar erum við í minni hluta nefndarinnar ekki sammála meiri hl. n. um þá breytingu, sem lögð er til í 2. gr. frv., um það að fresta að öllu leyti eitrun um næstu 5 ár. Eitrun hefur alltaf verið umdeild og verður það vafalaust, en í stórum landshlutum er hún að margra dómi eina leiðin til þess að halda dýrbít í skefjum frá því að valda bændum stórtjóni á sauðfé. Þess vegna teljum við ekki fært að banna eitrun algerlega hvar sem er á landinu næstu 5 ár. Ákvæði 11. gr. laganna er það rúmt, að þar má bæði velja og hafna, þegar ákveðin eru þau svæði, sem eitrad er á.

Breyta má samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og veiðistjóra þeim reglugerðarákvæðum, sem nú eru í gildi um þetta efni. Ef það sýnist rétt að undanþiggja stærri landssvæði en nú er gert frá eitrun, þá er það hægt án þess að breyta lögum. En þá verður líka hægt að eittra á þeim landssvæðum, þar sem útilokað er að vinna hug á þessum skaðsömu dýrum á annan hátt.

Við undirritaðir leggjum því til, að 2. gr. frv. verði felld niður.

Alþingi, 8. febr. 1964.

Ásgeir Bjarnason,
frsm.

Páll Þorsteinsson.